

um, þykir eigi heldur eiga að taka þessi mótmæli áfryjanda til greina, og ber því einnig að staðfesta hinn áfryjaða úrskurð uppkveðinn 28. apríl þ. á.

Kröfu áfryjanda um ómerking nokkurra ummæla, er umboðsmaður stefnda lét bóka í fógetaréttinum og sekt fyrir þau, er eigi ástæða til að taka til greina.

Eftir úrslitum málsins, og með því að stefndi hefir eigi mætt í yfirdóminum, á málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfryjuðu úrskurðum skal óraskað. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. dag. októbermán.

Nr. 8/1911: Bataabyrgðarfélag Vestmanneyja
 gegn
 hinu danska steinolíuhlutafélagi.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði og rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, lögsótti bataabyrgðarfélag Vestmanneyja framkvæmdarstjóra félagsins, A. Philipsen, fyrir hönd hlutafélagsins eða til vara fyrir sína eigin hönd til greiðslu á skaðabótum, sem bataabyrgðarfélagið hafði orðið að greiða fyrir missi tveggja vélarbáta, sem váttrygðir höfðu verið í félaginu, kr. 7936,80 auk 6% ársvaxta frá

15. okt. 1909 til greiðsludags, og var málið dæmt í nefndum rétti 22. september f. á. með þeim úrslitum, að hið stefnda steinolíufélag og framkvæmdarstjóri þess, A. Philipsen, voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir bátaábyrgðarfélagið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 27. febr. þ. á. Hefir þess nú verið krafist af bátaábyrgðarfélagsins hálfu, að auka réttardóminum verði hrundið og breytt þannig, að hið danska steinolíuhlutafélag verði dæmt til þess að greiða áfrýjanda fyrnefnda upphæð, kr. 7936,80 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, hvernig sem málið fer, eftir mati yfirdómsins. Hið stefnda steinolíuhlutafélag hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða því málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinn 20. febrúar 1908 töpuðust 2 vélarbátar frá Vestmanneyjum, »Bergþóra« og »Njáll«, með þeim atvikum, að bátar þessir, er voru þann dag í fiskileit frá eyjunum, ásamt flestum öðrum vélarbátum þar, hreptu storm mikinn á heimleiðinni og dimmviðri og stöðvuðust þá vélarnar í þeim, svo að þeir urðu að leita hjálpar hjá botnvörpuskipum, er þeir hittu fyrir, og fengu að festa sig aftan í þau, en slitnuðu síðan aftan úr skipum þessum, og hurfu út í myrkrið og storminn, svo að þeir sáu ekki fram. Bátar þessir voru váttrygðir í bátaábyrgðarfélagi Vestmanneyja, sem samkvæmt lögum sínum hefir orðið að greiða bætur fyrir missi þeirra $\frac{4}{5}$ af verði bátanna, eða samtals 7936 kr. 80 aur. fyrir báða bátana, en bátaábyrgðarfélagið heldur því fram, að töpun

bátanna hafi orsakast af vondri steinolíu, er bátarnir höfðu til vélanna og seld hafi verið af hinu danska steinolíu-hlutafélagi í Reykjavík eða framkvæmdarstjóra þess, sem góð olía í steinolíuhreyfivélar, og telur því að stefndi eigi að bæta sér tjón það, sem bátaábyrgðarfélagið hefir orðið fyrir við missi bátanna, og greiðslu váttryggingarupphæðarinnar til eigenda bátanna, og höfðaði því mál þetta í héraði gegn stefnda.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að hin umgetna steinolía hafi verið frá stefndu og sérstaklega með henni mælt af steinolíufélaginu, sem góðri mótrolíu, en við brúkun hafi hún reynst afarilla, vélarnar óhreinkast svo af sóti úr henni, að iðulega hafi orðið að hreinsa þær, og þetta hafi valdið stöðvun vélanna í bátum þeim, »Njáls« og »Bergþóru«, er mál þetta ræðir um. Hafi þeir við það orðið ósjálfbjarga og orðið að leita á náðir botnvörpuskipanna, er þeir síðan slitnuðu aftan úr sökum óveðurs. Olían sé því rétt álitin orsök í því, að bátarnir fórust, og eigi stefndu að bæta skaða þenna.

Stefndi hefir aftur á móti neitað því, að hin umrædda steinolía hafi verið vond eða orsakað það að bátarnir fórust. Orsökina til þess hafi fyrst og fremst verið ofveður það, er á var skollið og olli því, að margir vélarbátar treystust eigi að ná landi, heldur lögðust fyrir akkeri, þar sem helst var afdrep. Í öðru lagi af því að legufæri »Njáls« og »Bergþóru« hafi ekki verið svo traust, sem skyldi, þannig að formenn þeirra treystust ekki að leggjast við þau, og ennfremur hafi kunnáttu vélgæzlumannanna verið svo ábótavant, að hún hafi orsakað stöðvun vélanna, þar sem þeir hafi ekki borið skyn á hreinsun véla og meðferð.

Hvað gæði steinolíunnar snertir, þá hefir því verið haldið fram, að hér hafi verið um tvær steinolíutegundir að ræða, aðra verri og aðra betri, sem þó hafi verið seldar undir sama merki sem góð olía, og hafa verið leidd þar í eyjunum mörg vitni þessu til sönnunar. Hefir áfryjandi látið taka sýnishorn af olíu þeirri, er steinolíuhlutafélagið hafði til sölu í Vestmanneyjum, annað af hinni betri olíu, en hitt af hinni svokölluðu verri olíu, og hafa sýnishorn þessi að tilhlutun áfryjanda verið rannsökuð á efnarannsóknarstofunni hér í bænum. Auk þess lét steinolíuhlutafélagið taka um 204 tunnur af olíubirgðum sínum í Vestmanneyjum og flytja þaðan og voru að því er virðist þær tunnur sérstaklega til þess valdar, er menn þar í eyjunum álitu að hefðu hina verri olíu að geyma; hafa að tilhlutun stefndu verið tekin sýnishorn af 10 af þessum tunnum sem útvaldar voru af handahófi og hafa sýnishorn þessi verið rannsökuð á efnarannsóknarstofu Steins í Kaupmannahöfn, og auk þess hefir olía af tveimur umræddum tunnum verið reynd á mótorum hér í bænum. Enn fremur hafa fram farið vitnaleiðslur um það, hvort olía sú, sem steinolíuhlutafélagið keypti af Godthaabsverzlun hér í bænum, hafi verið send til Vestmanneyja og seld þar sem Standard White olía, sem steinolíuhlutafélagið verzlur með.

Það verður nú svo að álíta, að vitni þau, sem leidd hafa verið í Vestmanneyjum, séu flest nokkuð skyld máli þessu sökum afstöðu sinnar til Bataábyrgðarfélags Vestmanneyja, sem þau eru flest meðlimir í og fjárhagslega viðriðin, og auk þess vantar vitnin þá sérþekkingu, sem skyldi, þar sem innihald vitnisburðanna aðallega snýst um gæði oliunnar. Vitnisburðir þessir geta því eigi út

af fyrir sig talist full sönnun í máli þessu, heldur verða þeir að skoðast í sambandi við framkomin vottorð um rannsóknir þær á gæðum olíunnar, er fram hafa farið, bæði af efnarannsóknarstofunni í Reykjavík og af Steins Laboratorium í Kaupmannahöfn.

Í hinu fyrra vottorði kemur það fram, að sýnishorn þau af olíunni, sem rannsökuð hafa verið undir merkjunum G. 1 og G. 2 og B 1 og B 2, og sem komið hafa þangað með óröskuðu innsigli Vestmanneyjasýslu, hafa reynst mjög lík, svo að naumast getur verið um tvær olíutegundir að ræða, og ber í þessu efni að taka tillit til þess, að olíutegund sú, sem hér ræðir um, Standard White, er ekki talin bezta olíutegund steinolíuhlutafélagsins. Vottorðið frá Steins Laboratorium, sem einnig verður að álíta að sé um umrædda olíu, sýnir hið sama. Af báðum hinum framkomnu vottorðum sést það ennfremur, að hin rannsakaða olía hefir reynst fremur góð, þannig að hún verður að teljast hæf til notkunar á vélarbáta.

Það verður þannig ekki talið sannað, að hin umgetna olía hafi verið óbrúklek á mótorvélar, eða að olían hafi verið orsök til þess, að vélarbátarnir »Njáll« og »Bergþóra« fórust 20. febr. 1908, en af þessu leiðir þegar, að hið stefnda steinolíufélag ber ekki ábyrgð á slysi þessu.

Það skal og tekið fram, að vitnaleiðslur þær, sem fram hafa farið í Reykjavík, til þess að sanna að olía sú, er steinolíuhlutafélagið keypti af Godthaabsverzlun, hafi verið send til Vestmanneyja og seld þar sem Standard White olía og með tunnummerki félagsins, sanna ekkert í þessu efni, enda er það ósannað, að sú olía hafi verið óhæf til mótorvéla.

Samkvæmt framansögðu ber því, svo sem undirdóm-
arinn hefir gjört, að sykna stefndu af kröfum áfrýjanda,
og þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undir-
dómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann einnig
að þessu leyti. Samkvæmt þessum úrslitum virðist rétt,
að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er
ákveðst 30 krónur.

Þá er í hinum áfrýjaða dómi ákveðið, að setudómar-
anum greiðist 50 kr. Þar sem þetta ákvæði hefir ekki
við lög að styðjast, er það felt úr gildi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, hið danska steinoliuhlutafélag í Reykjavík,
á að vera sykn af kröfum áfrýjanda, bátaábyrgðarfé-
lags Vestmanneyja, í máli þessu.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi
stefnda 30 kr., er greiðist innan 8 vikna frá lög-
birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. dag októbermán.

Nr. 18/1911:

Stefán Stefánsson

gegn

Birni Líndal f. h. Snæbjarnar Björnssonar.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði stefndi Björn Líndal yfirréttarmála-
flutningsmaður fyrir hönd Snæbjarnar Björnssonar á Búð-